



OPINBERT TILBOÐSYFIRLIT

OPINBERT TILBOÐSYFIRLIT

Yfirtökutilboð til hluthafa í Skiptum hf.

I. INNGANGUR

Þann 19. mars 2008 tilkynnti Exista hf. að það hefði ákveðið að gera öðrum hluthöfum Skipta hf. tilboð í hluti þeirra í félaginu.

Tilboðið er valfrjálst yfirtökutilboð samkvæmt 101. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (hér eftir nefnd „VVL“) og um það gilda X. og XI. kafli laganna. Hljóðar yfirtökutilboðið upp á 6,64 krónur fyrir hvern hlut í Skiptum hf. í samræmi við þá skilmála og skilyrði sem fram koma í tilboðsyfirlitinu.

Hluti tilboðsyfirlitsins hefur verið unninn upp úr upplýsingum sem Skipti hf. hafa greint frá opinberlega eða upplýsingum sem eru á annan hátt aðgengilegar á opinberan hátt. Exista hf. afsalar sér allri ábyrgð vegna nákvæmni eða áreiðanleika slíkra upplýsinga.

II. FÉLAGIÐ

Félagið sem yfirtökutilboðið varðar er Skipti hf., kt. 460207-0880, Ármúla 25 í Reykjavík (hér eftir nefnt „Skipti“).

Skipti er eignarhaldsfélag um rekstur fyrirtækja á sviði fjarskipta, upplýsingatækni og afþreyingar. Innan samstæðunnar eru Síminn, Míla, Já, Skjárinn, Sensa, Tæknivörur, On-Waves og Radiomiðun. Erlend dótturfélög eru fjarskiptafélögin Aerofone í Bretlandi, Síminn DK í Danmörku, og upplýsingatæknifyrirtækið Sirius IT sem er með starfsemi í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Um Skipti vísast að öðru leyti til upplýsinga í lýsingu félagsins sem birt var 4. mars 2008, á heimasíðu Skipta, <http://www.skipti.is> og á heimasíðu Kaupþings banka hf., <http://www.kaupthing.is>.

Víðskipti eru með hlutabréf Skipta á aðalmarkaði OMX Nordic Exchange Iceland hf. (hér eftir nefnt „OMX ICE“) en þau hafa auðkennið SKIPTI. Hlutabréfin eru rafrænt skráð hjá Verðbréðaskráningu Íslands hf. Hlutabréfin hafa ISIN númerið IS0000015089.

III. TILBOÐSGJAFI

Tilboðsgjafi er Exista hf., kt. 610601-2350, Ármúla 3 í Reykjavík (hér eftir nefnt „Exista“). Exista starfar á sviði fjármálaþjónustu, einkum váttrygginga og eignaleigu, meðal annars undir merkjum VÍS, Lífis og Lýsingar. Hlutdeildarfélag Exista, Sampo Group og Kaupþing banki, eru meðal stærstu félaga í fjármálaþjónustu á Norðurlöndunum. Exista er einnig kjölfestufjárfestir í Bakkavör Group, Storebrand og Skiptum auk þess að eiga aðrar smærri eignir.

Exista á nú 43,68% hlutafjár í Skiptum í gegnum dótturfélög sín, Exista B.V. (43,65%), Váttryggingafélag Íslands hf. (0,02%) og Líftryggingafélag Íslands hf. (0,01%). Exista og dótturfélög þess hafa ekki, á þeim degi sem tilboðsyfirlitið er sett fram, öðlast beint eða óbeint eða tryggt sér með öðrum hætti fleiri eignarhluti eða meiri atkvæðisrétt í Skiptum. Exista er hvorki í samstarfi við né hefur gert samning eða samkomulag við aðra hluthafa, starfsmenn eða stjórnendur Skipta um yfirlit í Skiptum.

Að loknu yfirtökutilboðinu kann Exista að flytja til hlutafé sitt í Skiptum innan Exista-samstæðunnar.

Exista er ókleift að leggja mat á hversu marga hluti það muni eiga að loknu yfirtökutilboðinu. Á hinn bóginn er það stefna Exista að eignast allt hlutafé Skipta og ráða yfir öllum atkvæðisrétti í félaginu þegar gildistími yfirtökutilboðsins er liðinn. Fari eignarhald Exista yfir 90% af útgefnu hlutafé í Skiptum, hyggst það leggja til við stjórn Skipta að aðrir hluthafar Skipta sem samþykktu ekki yfirtökutilboðið, sæti innlaun á hlutum þeirra í Skiptum með vísan til 110. gr. VVL. Frekari upplýsingar um innlaun er að finna í XIII. kafla tilboðsyfirlitsins.

IV. TILBOÐSHAFAR

Tilboðið nær til allra hluta í Skiptum sem hvorki eru þegar í eigu Exista og dótturfélaga né í eigu Skipta sjálfra, sama dag og tilboðið er gert. Tilboðið mun einnig ná til þeirra hluta sem Skipti hafa skuldbundið sig til að gefa út í tengslum við kaup á fyrirtækjum, sbr. XVIII. kafla tilboðsyfirlitsins. Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá

Skipta við lok viðskipta miðvikudaginn 26. mars 2008 munu fá sent tilboðsyfirlitið, samþykkiseyðublað og svarsendingarumslag.

Framangreind skjöl eru einnig aðgengileg hjá fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., Borgartúni 19 í Reykjavík. Einnig er hægt að nálgast tilboðsyfirlitið á heimasíðu Kaupþings banka hf., <http://www.kaupthing.is>, og í gegnum fréttakerfi OMX ICE, <http://www.omxgroup.com>.

V. UMSJÓNARAÐILI

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. (hér eftir nefnt „Kaupþing“) hefur umsjón með yfirtökutilboðinu fyrir hönd Exista. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar bankans í síma 444 7000.

Kaupþing hefur unnið tilboðsyfirlitið á grundvelli opinberra upplýsinga auk upplýsinga frá Exista. Af þeim sökum getur Kaupþing ekki borið ábyrgð á þeim upplýsingum er koma fram í tilboðsyfirlitinu.

VI. TILBOÐSVERÐ OG GREIÐSLA

Verð samkvæmt yfirtökutilboðinu er 6,64 krónur fyrir hvern hlut í Skiptum, kvaða- og veðbandalausán. Greitt verður fyrir hlutina með hlutum í Exista þar sem hver hlutur í Exista er verðlagður á 10,1 krónu, sem var lokagengi þeirra í kauphöll 18. mars 2008, daginn fyrir tilkynningu um að yfirtökutilboð væri væntanlegt. Fyrir hvern hlut í Skiptum verða því greiddir 0,6574 hlutir í Exista. Verði fjöldi hluta sem tilboðshafi á rétt á að fá afhentan ekki heil tala verður námundað upp í næstu heilu tölu fyrir ofan.

Þar sem tilkynnt var um fyrirhugað yfirtökutilboð Exista skömmu eftir að hlutabréf Skipta voru tekin til viðskipta í kauphöll 19. mars 2008 er ekki unnt að bera tilboðsverðið saman við fyrri viðskiptaverð með hluti í Skiptum í kauphöll. Tilboðsverðið er hins vegar sama verð og ákvarðað var í útboði á 30% hlut í Skiptum sem fram fór 10. – 13. mars 2008, að lokinni áskriftarverðlagningu sem fór fram meðal fjárfesta sem vildu fjárfesta fyrir meira en 25 milljónir króna. Í útboðinu voru 30% hlutafjár félagsins boðin til sölu og bárust tilboð í 7,49% hlutafjárins.

Tilboðsverðið felur jafnframt í sér:

- Að markaðsverð alls hlutafjár Skipta nemur 48.926 milljónum króna.
- Að heildarvirði Skipta (markaðsverð hlutafjár að viðbættum nettó vaxtaberandi skuldum, þ.e. „Enterprise value“) svari til 8,9 - 9,4-falds hagnaðar félagsins fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir („EBITDA“) samkvæmt áætlunum félagsins fyrir árið 2008 og 10,2-falds hagnaðar félagsins fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir fyrir árið 2007.

Exista hefur ekki greitt hærra verð fyrir hlutafé í Skiptum en sem nemur tilboðsverðinu á síðustu sex mánuðum áður en yfirtökutilboðið er lagt fram.

VII. SKILYRÐI TILBOÐS

Yfirtökutilboðið er háð því skilyrði að samkeppnisyfirvöld samþykki kaupin, sé samþykki þeirra á annað borð áskilið lögum samkvæmt.

Exista getur fallið frá skilyrðinu hvenær sem er á gildistíma tilboðsins og verður það þá tilkynnt í gegnum fréttakerfi OMX ICE, <http://www.omxgroup.com>. Þar að auki áskilur Exista sér rétt til þess að afturkalla tilboðið í samræmi við ákvæði 105. gr. VVL.

VIII. SKÝRSLA STJÓRNAR

Óháðir stjórnarmenn mynda ekki meirihluta stjórnar Skipta. Er stjórnin því ekki ályktunarhæf og mun láta óháð fjármálafyrirtæki meta tilboðið og skilmála þess samkvæmt 7. mgr. 104. gr. VVL. Verður niðurstaða fjármálafyrirtækisins birt opinberlega a.m.k. einni viku áður en gildistími tilboðsins rennur út, sbr. 8. mgr. 104. gr. VVL.

IX. SAMÞYKKI YFIRTÖKUTILBOÐS

Hluthafar sem vilja samþykkja yfirtökutilboðið:

- skulu skila rétt útfylltu samþykkiseyðublaði, sem sent verður þeim, til fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík fyrir kl. 4 síðdegis þann 26. maí 2008 í svarsendingarumslagi, sem jafnframt verður sent hluthöfum; og
- greiða þóknun í samræmi við gjaldskrá viðkomandi reikningsstofnunar.

Hluthafar sem eiga ekki vörslureikning hjá Kaupþingi þurfa að gefa bankanum leyfi til þess að framsenda samþykkiseyðublaðið til viðeigandi reikningsstofnunar til þess að framkvæma viðskiptin.

Pegar samþykkiseyðublaði, rétt útfylltu, hefur verið skilað til fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings banka hf. er viðkomandi hluthafa óheimilt að ráðstafa hlutum sínum í Skiptum með beinum eða óbeinum hætti til þriðja aðila. Sérhver samþykki yfirtökutilboðsins er skuldbindandi og óafturkallanlegt, nema samkeppnistilboð sé lagt fram af þriðja aðila. Við þær aðstæður er hluthöfum, sem samþykkt hafa yfirtökutilboðið, heimilt að draga samþykki sitt til baka hvenær sem er á tilboðstímabilinu ef Exista hefur ekki tilkynnt opinberlega áður en tilkynnt var um fyrirhugað samkeppnistilboð að það hafi fallið frá því skilyrði sem tilboðið er háð eða að það hafi verið uppfyllt. Exista áskilur sér rétt til að ákveða að samþykkiseyðublað, sem ekki hefur verið fyllt út á réttan hátt, skuli teljast fullgilt samþykki tilboðsins.

X. GREIÐSLA OG AFHENDING HLUTA

Þeir hluthafar, sem samþykkja yfirtökutilboðið, fá greitt fyrir hina framseldu hluti í hlutabréfum í Exista inn á vörslureikning, sem þeir skulu tilgreina á samþykkiseyðublaði. Greiðsla verður innt af hendi eigi síðar en fimm viðskiptadögum eftir að gildistími yfirtökutilboðsins rennur út. Við afhendingu hlutanna í Exista teljast þeir hluthafar sem samþykkja yfirtökutilboðið til hluthafa í Exista og njóta réttinda sem slíkir frá sama tíma. Hlutfé í Exista er í einum flokki og njóta allir hluthafar sömu réttinda í félaginu í samræmi við ákvæði samþykta Exista og ákvæði hlutafélagalaga nr. 2/1995. Samþykktir Exista eru birtar á heimasíðu félagsins, <http://www.exista.is>.

Uppgjör er háð því að samþykkiseyðublaðið hafi verið réttilega útfyllt og að hlutirnir séu kvaða- og veðbandalausir samkvæmt yfirliti yfir viðkomandi rafrænan reikning (VS reikning) hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Exista áskilur sér rétt til að kanna sérstaklega hvort hlutir séu kvaða- og veðbandalausir áður en uppgjör fer fram.

Séu hlutir ekki kvaða- og veðbandalausir, áskilur Exista sér rétt til að líta svo á að fullnægjandi samþykki liggi ekki fyrir og áskilur sér enn fremur rétt til að semja við viðeigandi rétthafa um að slíkum kvöðum og veðböndum verði aflétt, þ.m.t. með millifærslu greiðslu fyrir hluti í Skiptum til slíks rétthafa til fullnustu lögmætrar og gjaldkræfrar kröfu.

Exista mun fara með atkvæðisrétt yfirtekinna hluta þegar uppgjör og afhending þeirra hefur farið fram og Exista hefur verið skráð eigandi hlutanna í hlutaskrá Skipta.

XI. FJÁRMÖGNUN TILBOÐS

Sem fyrr greinir verður greitt fyrir yfirtekna hluti í Skiptum með hlutabréfum í Exista. Stjórn Exista samþykkti þann 19. mars sl. að gera yfirtökutilboð í hlutfé Skipta og mun nýta heimild í 2. mgr. 4. gr. samþykta félagsins til þess að gefa út nýtt hlutfé í Exista sem greiðslu fyrir hina yfirteknu hluti í Skiptum. Verða gefnir út allt að 2.846.026.330 nýir hlutir, að nafnverði 1 króna hver. Heildarnafnverð hlutafjár Exista eftir kaupin mun því nema allt að 14.207.118.788 kr.

XII. TILBOÐSTÍMABIL

Gildistími yfirtökutilboðsins er frá kl. 9 árdegis þann 31. mars 2008 til kl. 4 síðdegis þann 26. maí 2008. Samþykki við yfirtökutilboðinu verður að hafa borist Kaupþingi eigi síðar en kl. 4 síðdegis þann 26. maí 2008. Hluthafar bera sjálfir ábyrgð á að samþykkiseyðublaðið hafi borist til Kaupþings. Exista áskilur sér einhliða rétt til að ákveða hvort samþykkiseyðublaðið sem berast eftir að gildistími tilboðsins rennur út verði tekin gild. Yfirtökutilboðið getur verið framlengt að því marki sem heimilt er samkvæmt VVL.

XIII. INNLAUSN

Eignist Exista meira en 90% hlutafjár og ráði yfir samsvarandi hlutfalli atkvæðisréttar í Skiptum hyggst það leggja til við stjórn félagsins að hlutir í eigu annarra hluthafa Skipta verði innleystir með heimild í 110. gr. VVL. Ef ákveðið verður að innleysa hlutaféð munu þeir hluthafar sem ekki hafa samþykkt yfirtökutilboðið á tilboðstímabilinu fá sent bréf þar sem skorað verður á þá að framselja Exista hluti sína innan fjögurra vikna. Slík áskorun mun tilgreina skilmála innlausnarinnar. Bregðist hluthafi ekki við áskoruninni mun endurgjald fyrir hluti viðkomandi hluthafa verða lagt inn á geymslureikning í nafni hans. Frá þeim tíma telst Exista eigandi þeirra hluta sem um ræðir.

Eignist Exista minna en 90% hlutafjár í Skiptum áskilur það sér rétt til þess að nota þær leiðir sem lög leyfa til þess að eignast útistandandi hluti í Skiptum.

XIV. FRAMTÍÐARÁÆTLANIR

Exista hefur engar fyrirætlunir um að gera verulegar breytingar á starfsemi og starfsstöðvum Skipta, þ.m.t. störfum og starfsskilyrðum stjórnenda og starfsmanna félagsins. Eignarhald Skipta er samþjappað og hluthafar tiltölulega fáir. Njóta Skipti því ekki að fullu þeirra kosta sem fylgja því að hafa hluti félagsins til viðskipta á aðalmarkaði OMX ICE. Exista er hins vegar í hópi þeirra sex félaga sem teljast hafa seljanlega hluti til viðskipta á aðalmarkaði OMX ICE, samkvæmt útreikningum Fjármálaeftirlitsins frá 17. mars 2008 sem sjá má á heimasíðu þess, <http://www.fme.is>. Þá mun hluthöfum Skipta sem fyrr gefast kostur á að njóta ávinnings af rekstri Skipta sem kann að skapast í framtíðinni í gegnum eign sína í Exista. Á þessari stundu eru engar fyrirætlunir uppi um veigamiklar yfirtökur, sölu á eignum eða sértækar ráðstafanir til þess að draga úr rekstrarkostnaði. Jafnframt verða fjárhagslegar eignir félagsins notaðar áfram á sama hátt og verið hefur.

Ef tilboðið nær fram að ganga munu Skipti ekki lengur uppfylla skilyrði um lágmarksdreifingu á eignarhaldi. Mun Exista þá fara fram á það við stjórn Skipta að hún óski eftir því að hlutir Skipta verði teknir úr viðskiptum af aðalmarkaði OMX ICE. Ekki er fyrirhugað að breyta samþykktum Skipta á meðan hlutir þess eru til viðskipta á aðalmarkaði OMX ICE. Hins vegar kunna nýjar samþykktir, sem henta óskráðu félagi betur, að verða samþykktar þegar hlutir félagsins hafa verið teknir úr viðskiptum í kauphöll. Stefnt er að því að kanna skráningu félagsins á ný þegar aukið jafnvægi verður komið á fjármálamarkaði.

Exista hefur ekki boðið stjórnendum eða stjórnarmönnum félagsins greiðslur eða endurgjald í öðru formi en því sem þeim er boðið sem hluthöfum samkvæmt yfirtökutilboðinu. Exista mun bjóða stjórnendum félagsins launakjör og hlutdeild í hlutafé félagsins í samræmi við það sem eðlilegt getur talist fyrir stjórnendur fyrirtækja á borð við Skipti.

Yfirtökutilboðið mun ekki hafa önnur áhrif á Exista en að framan greinir.

XV. UPPLÝSINGASKYLDA

Að neðan er að finna samantekt á upplýsingum sem Skipti hafa birt í fréttakerfi OMX ICE frá síðasta uppgjöri og þangað til Exista tilkynnti um fyrirhugað yfirtökutilboð:

- (i) 17. mars 2008: Tilkynning um að hlutabréf Skipta verði tekin til viðskipta þann 19. mars 2008
- (ii) 14. mars 2008: Flagganir – 20 stærstu hluthafar Skipta
- (iii) 14. mars 2008: Niðurstöður útboðs á hlutum í Skiptum
- (iv) 4. mars 2008: Tilkynning um birtingu lýsingar Skipta dagsett 4. mars 2008
- (v) 1. febrúar 2008: Tilkynning um niðurstöður ársuppgjörs 2007 og ársreikningur Skipta 2007 birt

Þar sem félagið var fyrst tekið til viðskipta þann 19. mars sl., sama dag og tilkynnt var um fyrirhugað yfirtökutilboð Exista, er ekki hægt að bera saman markaðsvirði hluta í Skiptum fyrir og eftir birtingu á áðurnefndum tilkynningum sem birtar voru í fréttakerfi OMX ICE.

XVI. VALDAR FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR

Skipti

Þann 31. janúar 2008 gáfu Skipti út ársreikning sinn fyrir reikningsárið 2007. Hægt er að nálgast eintak af ársreikningnum á heimasíðu Skipta, <http://www.skipti.is>, og á heimasíðu OMX ICE, <http://www.omxgroup.com>. Í töflunni hér að neðan má finna yfirlit yfir rekstur, efnahag og sjóðstreymi Skipta fyrir tímabilið 2005-2007.

Rekstrarreikningur 2005 - 2007

Púsundir króna	2007	2006	2005
	1.1. - 31.12.	1.1. - 31.12.	1.1. - 31.12.
Sala	32.719.079	25.030.127	21.641.489
Aðrar rekstrartekjur	638.690	265.013	399.943
Kostnaðarverð	(18.972.885)	(13.671.369)	(11.923.315)
Rekstrarkostnaður	(9.093.817)	(7.018.256)	(6.511.884)
EBITDA	9.493.092	8.442.719	7.453.642
Afskritir	(4.202.025)	(3.837.204)	(3.847.409)
EBIT	5.291.067	4.605.515	3.606.233
Fjármunatekjur -(gjöld)	(3.274.070)	(8.936.267)	692.214
Áhrif hlutdeildarféлага	(26.003)	(6.435)	(30.736)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	1.990.994	(4.337.187)	4.267.711
Tekjuskattur	(304.933)	777.461	(235.622)
Aflögð starfsemi	1.395.755	0	0
Hagnaður (tap) ársins	3.081.816	(3.559.726)	4.032.089

Efnahagsreikningur 2005 - 2007

Púsundir króna	2007	2006	2005
	31.12.	31.12.	31.12.
Fastafjármunir	85.045.587	81.099.461	78.016.978
Veltufjármunir	12.595.564	7.807.277	5.238.426
Heildareignir	97.641.151	88.906.738	83.255.404
Eigið fé	32.756.554	29.446.873	32.801.052
Langtímaskuldir	50.739.860	50.903.244	44.601.880
Skammtímaskuldir	14.144.737	8.556.621	5.852.472
Eigið fé og skuldir	97.641.151	88.906.738	83.255.404

Sjóðstreymi 2005 - 2007

Púsundir króna	2007	2006	2005
	1.1. - 31.12.	1.1. - 31.12.	1.1. - 31.12.
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	9.014.477	8.654.280	7.518.989
Handbært fé frá rekstri	6.890.515	6.706.310	6.190.236
Fjárfestingarhreyfingar	(4.239.004)	(5.183.382)	(2.747.391)
Fjármögnunarhreyfingar	1.610.903	(1.091.715)	(5.803.563)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	4.262.414	431.213	(2.360.718)
Handbært fé í lok árs	5.269.137	1.053.380	464.870

Valdar kennitölur

	2007	2006	2005
	31.12.	31.12.	31.12.
EBITDA framlegð	28,50%	33,40%	33,80%
EBIT framlegð	15,90%	18,20%	16,40%
Fjárfestingar sem hlutfall af sölu	11,60%	10,00%	22,00%
Eiginfjárlutfall	33,50%	33,10%	39,40%

Eigið fé Skipta var samtals 32.757 milljónir króna í árslok 2007 samanborðið við 29.447 milljónir króna í árslok 2006. Í árslok 2007 voru nettó vaxtaberandi skuldir¹⁾ samtals 47.558 milljónir króna.

Samkvæmt áætlunum Skipta fyrir árið 2008 munu tekjur nema á bilinu 36.000 – 38.000 milljónir króna. Hagnaður félagsins fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir er áætlaður á bilinu 10.300 – 10.800 milljónir króna.

Þær fjárhagslegu upplýsingar sem birtar eru hér að ofan hafa verið teknar saman án efnislegra breytinga úr samstæðureikningi Skipta eins og þær koma fram í ársskýrslum félagsins fyrir reikningsárin 2005 - 2007. Hluthafar eru sérstaklega hvattir til þess að kynna sér ársreikninga félagsins ásamt skýringum til þess að fá frekari fjárhagsupplýsingar um félagið.

Exista

Þann 31. janúar 2008 gaf Exista út ársreikning sinn fyrir reikningsárið 2007. Hægt er að nálgast eintak af ársreikningnum á heimasíðu Exista, <http://www.exista.is>, og á heimasíðu OMX ICE, <http://www.omxgroup.com>. Í töflunni hér að neðan má finna yfirlit yfir rekstur, efnahag og sjóðstreymi Exista fyrir tímabilið 2005-2007.

Rekstrarreikningur 2005 -2007

Milljónir evra	2007 1.1. - 31.12.	2006 1.1. - 31.12.	2005 1.1. - 31.12.
Gangvirðisbreytingar á fjáreignum færðar í rekstrarreikning	0,8	357,6	626,5
Gangvirðisbreytingar á fjáreignum haldið til sölu	(46,3)	129,0	12,3
Arðgreiðslur	12,6	78,7	8,8
Vaxtatekjur	91,2	50,3	1,3
Iðgjaldtekjur	129,0	73,6	0,0
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	756,2	0,0	0,0
Aðrar tekjur	17,9	7,6	0,0
Heildartekjur	961,5	696,7	648,8
Tjónakostnaður	(104,4)	(58,6)	0,0
Rekstrarkostnaður	(65,4)	(51,1)	(3,1)
Heildarkostnaður	(169,9)	(109,6)	(3,1)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	791,7	587,1	645,7
Vaxtagjöld	(350,3)	(104,1)	(45,6)
Gengishagnaður -(tap)	84,3	(46,4)	(12,4)
Heildarfjármunagjöld	(266,0)	(150,5)	(58,0)
Hagnaður fyrir skatta	525,7	436,6	587,7
Tekjuskattur	48,2	(9,9)	56,2
Hagnaður ársins	573,9	426,7	643,9
Skiptist á:			
Hluthafa móðurfélags	573,7	427,8	643,9
Hlutdeild minnihluta	0,2	(1,1)	0,0
	573,9	426,7	643,9

* Niðurstöðum árána 2005 og 2006 er umbreytt úr íslenskum krónum í evrur á meðalgengi ársins 2005: 78,14 / 2006: 87,67

¹⁾ Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé, fjárfestingu í hlutdeildarfélögum og fjárfestingu í öðrum félögum.

Efnahagsreikningur 2005 - 2007

Milljónir evra	2007	2006	2005
Eignir	31.12.	31.12.	31.12.
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur	1.123,4	2.272,7	1.990,2
Fjáreignum haldið til sölu	210,2	837,0	101,5
Útlán og kröfur	785,0	703,8	0,0
Viðskiptavild og óefnislegar eignir	469,4	464,8	0,0
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum	4.737,6	0,0	0,0
Endurtryggingareignir	10,1	15,8	0,0
Fjárfestingarfasteignir	70,1	0,0	0,0
Fasteignir og búnaður	27,6	12,2	1,4
Handbært fé	567,6	76,1	66,5
Aðrar eignir	9,5	12,6	6,3
Eignir samtals	8.010,5	4.395,1	2.165,8

Eigið fé

Hlutfé	120,6	112,3	116,3
Varasjóður	736,3	720,7	259,4
Óráðstafað eigið fé	1.511,3	1.061,3	910,8
Eigið fé hlutahafa móðurfélags	2.368,2	1.894,3	1.286,5
Hlutdeild minnihluta	0,6	5,9	0,0
Eigið fé samtals	2.368,7	1.900,2	1.286,5

Skuldir

Lántökur	5.123,7	2.183,0	876,8
Breytanleg verðbréf	250,0	0,0	0,0
Vátryggingaskuld	221,5	223,9	0,0
Frestaður tekjuskattur	18,8	60,2	0,5
Aðrar skuldir	27,8	27,8	1,9
Skuldir samtals	5.641,8	2.494,9	879,2

Eigið fé og skuldir samtals	8.010,5	4.395,1	2.165,8
------------------------------------	----------------	----------------	----------------

* Niðurstöðum árána 2005 og 2006 er umbreytt úr íslenskum krónum í evrur miðað við lokagengi ársins 2005: 74,70 / 2006: 94,61

Heildarfjöldi útgefinna hluta í Exista er nú 11.361.092.458. Eigin hlutir Exista eru 1.162.791.

Sjóðstreymi 2005-2007

Milljónir evra	2007	2006	2005
	1.1. - 31.12.	1.1. - 31.12.	1.1. - 31.12.
Handbært fé frá (til) rekstri	(34,4)	(1,0)	(18,9)
Fjárfestingarhreyfingar	(2.464,8)	(798,0)	(525,2)
Fjármögnunarhreyfingar	2.991,6	824,1	592,1
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	492,4	25,2	48,0
Handbært fé í lok árs	567,6	82,1	63,5


* Niðurstöðum árána 2005 og 2006 er umbreytt úr íslenskum krónum í evrur á meðalgengi ársins 2005: 78,14 / 2006: 87,67

Valdar kennitölur 2005 - 2007

	2007	2006	2005
Eiginfjárlutfall	29,57%	43,23%	59,40%
Arðsemi eiginfjár	23,02%	27,10%	104,00%
Samsett hlutfall tryggingarstarfsemi	99,50%	115,00%	-

Þær fjárhagslegu upplýsingar sem birtar eru hér að framan hafa verið teknar saman án efnislegra breytinga úr samstæðureikningi Exista eins og þær koma fram í ársskýrslum félagsins fyrir reikningsárin 2005 - 2007. Fyrir árið 2005 hefur niðurstöðum verið breytt í evrur til að tryggja samanburðarhæfni. Hluthafar eru sérstaklega hvattir til þess að kynna sér ársreikninga félagsins ásamt skýringum til þess að fá frekari fjárhagsupplýsingar um félagið.

Hér að neðan má sjá gengisþróun Exista allt frá upphafi viðskipta þann 15. september 2006.



Við sölu á hlutum í Exista þarf seljandi að greiða þóknun í samræmi við gjaldskrá viðkomandi reikningsstofnunar.

XVII. SKÝRSLUR GREININGARAÐILA

Í aðdraganda nýafstaðins hlutafjárútboðs munu Glitnir banki hf. og Landsbanki Íslands hf. hafa gefið út greiningarskýrslur um Skipti. Hluthafar kunna að geta nálgast skýrslurnar hjá viðkomandi greiningaraðilum og mögulega gegn gjaldi.

XVIII. HLUTAFÉ

Útgefið hlutafé Skipta er að nafnverði 7.368.421.053 krónur sem skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Skipti á 3.274.664 eigin hluti. Við lok viðskiptadagsins 25. mars sl. voru hluthafar Skipta 1.141 talsins og tuttugu stærstu hluthafar félagsins voru:

Nr.	Hluthafi	Eignarhlutur	Fjöldi hluta
1.	Exista B.V.*	43,65%	3.216.111.207
2.	Kaupþing banki hf.	24,41%	1.798.957.044
3.	Lífeyrissjóður verslunarmanna	8,00%	589.620.388
4.	Gildi lífeyrissjóður	8,00%	589.620.388
5.	Stafir lífeyrissjóður	2,18%	160.897.780
6.	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	2,18%	160.805.560
7.	Sund ehf.	2,04%	150.602.409
8.	MP Fjárfestingarbanki hf.	1,94%	142.949.711
9.	Imis ehf.	1,94%	142.938.276
10.	Lambi ehf.	1,62%	119.115.229
11.	Þræðir ehf.	0,58%	42.881.483
12.	Elfar Aðalsteinsson	0,34%	25.255.478
13.	Arion safnreikningur	0,31%	22.590.361
14.	Kaupþing ÍS-15	0,31%	22.590.361
15.	Kaupþing Heildarvísitölusjóður	0,10%	7.530.120
16.	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	0,10%	7.530.120
17.	Glitnir banki hf.	0,05%	3.765.060
18.	Kaupthing Investment Fund – Icelandic Equity	0,05%	3.765.060
19.	Lífeyrissjóður Verkfræðinga	0,05%	3.765.060
20.	Guðmundur A. Birgisson	0,04%	2.708.411
Samtals 20 stærstu		97,89%	7.213.999.506
Heildarhlutafé Skipta		100,00%	7.368.421.053

Framangreindar upplýsingar eru byggðar á hlutaskrá félagsins 25. mars 2008, að teknu tilliti til útboðs á hlutum í Skiptum.

* Að auki eiga önnur dótturfélög Exista, Vátryggingafélag Íslands hf. og Líftryggingafélag Íslands hf. samtals 0,03% hlutafjár í Skiptum.

Í tengslum við kaup á fyrirtækjum hafa Skipti skuldbundið sig til þess að greiða hluta kaupverðs þessara fyrirtækja með hlutafé í Skiptum. Nýtt hlutafé að nafnverði allt að 179.066.265 kr. verður því gefið út í tengslum við þessi kaup. Skipti hafa þó heimild til að afhenda eigin hluti í stað þess að gefa út nýtt hlutafé, allt að nafnverði 52.560.241 kr.

XIX. ERLENDIR HLUTHAFAR

Þessum kafla tilboðsyfirlitsins er sérstaklega beint að þeim hluthöfum Skipta, sem eru ríkisborgarar eða íbúar utan Íslands eða sem halda á hlutabréfum fyrir slíka ríkisborgara eða íbúa eða aðrir aðilar (þ.á m. vörsluaðilar og fjárvörsluaðilar) sem kann að vera skylt að áframsenda skjal í tengslum við yfirtökutilboðið utan Íslands.

Nema Exista ákveði annað sérstaklega og slíkt sé heimilt samkvæmt viðeigandi löggjöf, er tilboðinu ekki, og verður ekki, beint eða óbeint, með hvaða hætti sem er (þ.á m. tölvupósti, pósti, símbréfi, síma, netinu eða annarri rafrænni miðlun), beint til aðila í lögsögu sem heimilar ekki að taka við tilboðinu samkvæmt viðeigandi löggjöf viðkomandi lögsögu og geta viðeigandi aðilar ekki samþykkt yfirtökutilboðið.

Afrít tilboðsyfirlitsins, samþykkiseyðublaðs og önnur skjöl tengd yfirtökutilboðinu eru ekki, og verða ekki, beint eða óbeint, send til eða frá lögsögu ef slíkt fer gegn viðeigandi löggjöf í viðkomandi lögsögu. Ef samþykki yfirtökutilboðsins berst í umslagi sem er merkt slíkri lögsögu eða Exista og umboðsmenn þess telja að það hafi verið sent frá slíkri lögsögu, er Exista heimilt að hafna því sem ógildu samþykki tilboðsins. Aðgangur að yfirtökutilboðinu kann að vera takmarkaður fyrir þá hluthafa sem búa ekki á Íslandi, vegna þeirrar lögsögu sem þeir tilheyra. Ef hluthafar í Skiptum eru í vafa um ofangreint er þeim bent á að ráðfæra sig við óháðan fagaðila í viðkomandi lögsögu.

Það er á ábyrgð allra hluthafa, sem búsettir eru erlendis og vilja taka tilboðinu, að ganga úr skugga um að slíkt samþykki sé í fullu samræmi við þau lög og reglur sem gilda í viðkomandi ríki í tengslum við yfirtökutilboðið, þ.á m. að afla nauðsynlegra leyfa opinberra og annarra stofnana eftir því sem við getur átt eða greiðsla hvers konar gjalda og skatta í viðkomandi lögsögu. Slíkir erlendir hluthafar skulu vera ábyrgir fyrir hvers konar gjöldum og sköttum og skal Exista (þ.á m. aðilar sem starfa í skjóli þeirra) vera skaðlausir af slíkum erlendum hluthöfum vegna hvers konar gjalda, skatta eða krafna sem slíkir aðilar kunna að þurfa að greiða.

Exista áskilur sér rétt til þess að beina tilkynningum um hvaðeina, þ.á m. yfirtökutilboðið, til allra hluthafa Skipta:

- (i) sem eru með skráð aðsetur utan Íslands; og
- (ii) aðila sem Exista veit til þess að eru vörsluaðilar eða fjárvörsluaðilar fyrir aðila sem eru ríkisborgarar eða íbúar lögsögu utan Íslands, með tilkynningu í auglýsingu í einu eða fleiri dagblöðum sem eru birt og dreift á Íslandi. Slík tilkynning skal þar með vera talin fullnægjandi þrátt fyrir að hluthafar Skipta móttaki ekki slíka tilkynningu.

XX. ÝMISLEGT

Tilboðshöfum er bent á að viðskipti eru með hlutabréf Skipta og Exista á aðalmarkaði OMX ICE. Í samræmi við 122. gr. VVL ber félögunum að tilkynna þegar í stað allar þær innherjaupplýsingar sem þau varða til kauphallar. Kauphöll skal miðla þeim upplýsingum í upplýsingakerfi sínu og teljast upplýsingarnar opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Að því loknu skulu félögin birta innherjaupplýsingarnar á sínum heimasíðum.

Tilboðshafar eru hvattir til þess að kynna sér allar fréttir og tilkynningar um Skipti og Exista, sem hafa verið eða verða birtar á fréttasíðu OMX ICE, <http://www.omxgroup.com>, og/eða á heimasíðu Skipta, <http://www.skipti.is>, og heimasíðu Exista, <http://www.exista.is>, frá útgáfu tilboðsyfirlitsins og út gildistíma tilboðsins. Athygli er vakin á því að Skipti gáfu út lýsingu 4. mars 2008 þar sem finna má ítarlegar upplýsingar um félagið.

Vakin er sérstök athygli tilboðshafa á því að Kauppingi er óskýlt að meta hvort viðskiptin séu viðeigandi fyrir þá og tilboðshafar njóta því ekki þeirrar verndar sem í slíku mati felst samkvæmt 16. gr. VVL. Er hluthöfum Skipta ráðlagt að leita sér sérfræðiaðstoðar varðandi viðskipti með hluti í tengslum við yfirtökutilboðið.

Í samræmi við 8. gr. VVL bendir umsjónaraðili tilboðshöfum á að bæði Exista og Skipti eru stórir viðskiptavinir Kaupþings og bankinn er hluthafi í báðum félögunum. Nánari upplýsingar um stefnu Kaupþings um hagsmunaárekstra má nálgast á heimasíðu bankans, <http://www.kaupthing.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=12072>.

Hlutir í Skiptum eru andlag skattlagningar líkt og greinir í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003. Hluthöfum Skipta er ráðlagt að leita sér sérfræðiaðstoðar varðandi skattlagningu hlutabréfa frá skattaráðgjafa í tengslum við yfirtökutilboðið. Hluthöfum sem búsettir eru erlendis er sérstaklega bent á að leita sér skattaráðgjafar bæði hvað snertir íslenskan rétt sem og þann rétt sem þeir eru undirorpnr hverju sinni.

Hluti tilboðsyfirlitsins hefur verið unninn á grundvelli opinberra upplýsinga um Skipti. Exista getur ekki borið ábyrgð á nákvæmni eða áreiðanleika slíkra upplýsinga.

Að öðru leyti en að framan greinir er yfirtökutilboðið ekki háð skilyrðum.

XXI. LÖG OG LÖGSAGA

Íslensk lög gilda um tilboðsyfirlitið, samþykkiseyðublaðið og alla samninga og samskipti milli Exista, umsjónaraðila og hluthafa í tengslum við yfirtökutilboðið. Allan ágreining sem kann að rísa um efni og framkvæmd yfirtökutilboðsins skal bera undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík, 27. mars 2008

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf.